

of mjög á það, sem skilningarvit vor segja oss, og þó er það sannleikur, að fáu er ver trúandi en þeim, og fátt bregzt oss oftar.

Oss sýnast stjörnurnar, sólin og tunglið snúast um þessa jörð. Sjón vor segir oss að svo sé. En það er ósatt. Oss finnst jörðin standa kyr. Það er einnig tilhæfulaust. Vér snertum hlut, sem vér álitum vera harðan og órjúfanlegan. En enginn sá hlutur er til. Oss berast raddir utan úr heimi, samstæðar og ósamstæðar. En það er að eins loftið, sem berst oss með bylgjum og boðafalli, og loftbylgjurnar eru þögular eins og dauðinn. Vér däumst að ljósinu og áhrifum þess; öllum þeim margvíslegu litum, sem fegurð náttúrunnar er máluð í. En í sannleika, þá er hvorki ljós né litur. Það er öldufall „Ethersins“,—efnis, sem er ógagnsætt í sjálfu sér,—er skapar tilfinningar ljóss og litar hjá oss. Vér brennum oss á hendi eða fæti. Þó sviður oss ekki í hendina. Sviðinn er í heilanum, því þar er brunatilfinningin. Vér tölum um hita og kulda. Þó er hvorki hiti né kuldi í heiminum, að eins eintóm hreyfing.

Þannig erum vér ginnt af tilfinningunum og dregin á talar um sannleika hlutanna. Tilfinning og virkilegleiki eru sitt hvað. Enda eru skilningarvit vor næsta ófullkomin. Með aðstoð þeirra verðum vér vör aðeins mjög lítils hluta allra þeirra hreyfinga alheimstilverunnar, er fram fara í kringum oss. Sú síðasta hljómbylgja, er eyrað getur gripið, gengur 36,850 slög á sekúndunni. En þaðan er langt bil upp að fyrstu ljósbylgjunni, er augað fyrst sér, og slær 400,000,000,000,000 sinnum á sama tíma. Um allt, sem þar er á milli, veit engi maður neitt.

Þó er ekki með þessu sagt, að vér ættum ekki að reyna að nota skilningsfærin, þótt ófullkomin séu. Vér eigum að nota þau eins mikið, og vér getum, og eins vel, en vér ættum ekki að láta þau standa skilningi vorum eða sanngirni svo fyrir þrifum, að vér gleymum því, að til er sannleikur í náttúrunnar ríki, er vér höfum ekki heyrt eða séð.

Svo þegar einhver skilningsnæmari en vér uppgötvar einhvern hlut, þá ættum vér ekki að fylla flokk þeirra, er hæða allt þess háttar, af því þeirra óþroskaða sál hefir aldrei verið nógu skýr til þess, að lesa þann sannleika út úr lögmáli hlutanna.